



Grunnskólinn í Þorlákshöfn auglýsir eftirfarandi stöðu frá og með 22. ágúst 2018:

- **Tímabundin staða kennara vegna fæðingarorlofs frá 22. ágúst 2018 til 31. október 2018**

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stærðfræðikennsla í 8. -10. bekk
- Stuðningskennsla í 5. - 7. bekk
- Að vekja og viðhalda áhuga nemenda á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda.
- Að skipuleggja kennslu, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar.
- Að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum.
- Vera í góðu samstarfi við alla kennara einkum þá sem kenna nemendum í hans umsjón.
- Vera í farsælu samstarfi heimila og skóla.

Hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum.
- Faglegur metnaður og skipulagshæfni.
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum og unglingum.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (FG). Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Um tímabundna ráðningu er að ræða fyrir næsta skólaár. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. og skal umsóknum ásamt ferilskrá skilað í tölvupósti til Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóra olina@olfus.is